


Borgaravitund



Einföld sýn ...

Flestir íbúar heims eru með ríkisborgararétt í einhverju landi og það veitir þeim tiltekin forréttindi eða réttindi. Ríkisborgaréttur felur einnig í sér tilteknar skyldur sem ríki leggja á einstaklinga í lögsögu sinni. Ríkisborgarar gegna þannig tilteknum skyldum gagnvart ríkinu og í staðinn gættir ríkið brýnna hagsmuna þeirra. Eða þannig ætti það að vera.

Vandkvæðin ...

Tvær spurningar geta verið vandasamar í þessu tilliti:

1. Hvaða réttindi ber ríkinu skylda til að tryggja íbúum sínum og með hvaða skilmálum?
2. Hvað verður um það fólk sem nýtur af einhverri ástæðu ekki verndar þess lands sem það býr í?

Til að svara fyrri spurningunni þarf að skilgreina nánar hvað felst í því að vera borgari og hvað borgaravitund merkir, og fjallað verður nánar um það hér á eftir. En til að geta svarað síðari spurningunni þarf að kanna hvers vegna sumt fólk er ekki með ríkisborgararétt í þeim löndum sem það býr í og hvað sé til ráða í þeim efnum. Umræðan um þetta málefni er rétt að hefjast og hér verður aðeins fjallað um fáein atriði.

Hvað er borgaravitund?

Fólk hefur rætt hugmyndir um borgaravitund í þúsundir ára og enn þann dag í dag er ekki einhugur um nákvæma merkingu þessa hugtaks. Í lagalegum skilningi virðist hugtakið þó vera tiltölulega einfalt í: það tengist yfirleitt þjóðríki og er skilgreint í lögum viðkomandi ríkis. Það er ef til þess vegna sem borgaravitund er í hugum margra nátengd hugmyndinni um ættjarðarást: „góður og gegn borgari“ er oft talinn vera „mikill ættjarðarvinur“.

Hugtakið borgaravitund hefur þó mun margþættari merkingu en ættjarðarástina eina, eins og sjá má í næsta kafla þar sem fjallað er um sögulegan uppruna þess. Gott er að hafa í huga muninn á borgara annars vegar og þegni hins vegar.



Ber borgurum ávallt að fara að lögum?

Tengd verkefni

- Borgirnar tvær, bls. 97.
- Sýndu það!, bls. 235.
- Varið ykkur, við fylgjumst með!, bls. 245.
- „Teiknaðu orðið“, bls. 154.
- Menntun fyrir alla?, bls. 175.
- Atkvæðasmölun, bls. 81.
- Mannréttindafrömuðir, bls. 165.
- Garður á einni nóttu, bls. 116.
- Kvenhetjur og karlhetjur, bls. 145.
- Látið allar raddir hljóma, bls. 148.
- Sköpum tengsl, bls. 218.
- Orkuver, bls. 194.
- Að kjósa eða sitja hjá?, bls. 69.
- Stéttarfélagsfundur, bls. 226.
- Hvað finnst ykkur?, bls. 125.
- Hverjir eru ég?, bls. 139.

Sögulegar hugmyndir um borgaravitund

Gagnlegt er að skoða hvernig hugtakið borgaravitund hefur þróast, því að þannig má greina á hverju umræðan um hugtakið byggist nú á dögum.

- Uppruna borgaravitundar má rekja til Grikklands hins forna þar sem „borgarar“ voru þeir sem höfðu lagalegan rétt til að taka þátt í málefnum ríkisins. En það var langt frá því að allir teldust vera borgarar: þrælur og konur gátu aðeins verið þegnar. Þeim sem nutu þeirra forréttinda að vera borgarar fannst hugmyndin um „borgaralegar dyggðir“ eða það að vera „góður“ borgari mikilvægur liður í þessu samhengi. Þessi hefð varð til þess að lögð var áhersla á þær skyldur sem borgurum bar að uppfylla.
- Tengsl borgaravitundar og þjóðernis urðu eðlilega til þar sem lagaleg réttindi „borgara“ voru ávallt tengd þjóðríki og þannig varð einnig til tengingin milli borgaravitundar og ættjarðarástar.
- Á nítjándu öld varð viðhorfið frjálsegra og þá var lögð áhersla á mikilvægi réttinda öllum borgurum til handa. Um leið og kosningaréttur var rýmkaður urðu pólitísk réttindi og réttlæti að veruleika meðal stöðugt fleiri íbúa.
- Á tuttugustu öld gengu stuðningsmenn hinna „félagslegu borgararéttinda“ lengra og viðurkenndu að borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi væru aðeins hluti þeirra réttinda sem ríkið ætti að veita borgurum. Uppgangur velferðarríkisins á síðustu öld á mikið að þakka þeim hugsjónamönnum sem héldu því fram að réttindi borgaranna ættu ekki síður að taka til lífs- og vinnuskilyrða þeirra en til þátttöku þeirra í stjórnmalum.
- Hugtakið „margfaldur ríkisborgararéttur“ hefur verið við lýði um skeið og það merkir að einstaklingar geta samtímis verið borgarar í fleiri en einu ríki eða ríkjasambandi. Með þróun Evrópusambandsins verða til dæmis réttindi og skyldur borgara í aðildarríkjunum stöðugt fleiri, ekki eingöngu gagnvart eigin þjóðríki, heldur gagnvart sambandinu.
- Að lokum má nefna eitt atriði varðandi ríkisborgararétt og borgaravitund sem verður stöðugt mikilvæga og tekur til menntunar. Ef borgaravitund í hefðbundnum skilningi felst í því að njóta réttinda og uppfylla skyldur er einnig hægt að segja um borgara að þeir séu ekki fæddir með ákveðna eiginleika heldur séu eiginleikarnir áunnir. Trygð og ábyrgð eru t.d. eiginleikar sem þarf að tileinka sér og leggja rækt við. Ef þessir eiginleikar eru nauðsynlegir til að vera borgari í fyllsta skilningi þess orðs, þá þarf að mennta hinn „raunverulega“ borgara – í víðasta skilningi orðsins.

Nú á dögum byggist skilningur flestra á þessu hugtaki á þáttum úr öllum sex ofangreindum liðum, en í mismiklum mæli. Sumir leggja áherslu á „skyldurnar“ en öðrum finnst „réttindi“ eða „ættjarðarást“ mikilvægari þættir, eða þeir eiginleikar sem „sannir“ borgarar þurfa að búa yfir.

Tengsl við mannréttindi

Ljóst er að réttindi og ábyrgð hafa verið mikilvægir þættir í hugmyndum um borgaravitund allt frá upphafi. Borgurum eru ætluð viss grundvallarréttindi og þess er jafnframt krafist að þeir sinni ákveðnum skyldum. Það eru þessar „skyldur“ eða ábyrgð sem fólk hefur í huga þegar það talar um hvernig borgarar eigi að vera eða hvernig þeir eigi að hegða sér.

„Borgaravitund er flókin og margþætt staðreynd sem setja verður í stjórnmalalegt og sögulegt samhengi. Ekki er hægt að fjalla um borgaravitund sem einangrað fyrirbæri því að hugmyndin sem slík hefur aðeins merkingu ef hún er sett í samhengi við þarfir samfélagsins eða stjórnmalakerfi. Lýðræðisleg borgaravitund vísar einkum til virkrar þátttöku einstaklinga í kerfi þar sem réttindi og skyldur ríkja og sem borgarar í lýðræðisþjóðfélögum búa við.“⁵

„Sérhver maður er eins og Guð skapaði hann, og oft miklu verri.“

Miguel de Cervantes

Í fáum orðum sagt, þá hlýðir þegninn lögnum en borgarinn tekur þátt í að setja þau og breyta þeim.“

B. Crick

Ef okkur finnst hins vegar að þessar hugmyndir séu of stýrandi, eða takmarki of mikið áskapað frelsi eða virðingu hvers borgara, er mikilvægt að muna að slík mörk eru beinar afleiðingar kenningarinnar um mannréttindi. Það er eingöngu löngun okkar til að búa í samfélagi sem virðir réttindi allra borgara sem leggur okkur öllum ábyrgð á herðar.

Það er einkum tvennt sem tengir saman kenningar um mannréttindi og þá ábyrgð sem felst í borgaravitund:

1. Sú staðreynd að sérhver einstaklingur njóti grundvallarmannréttinda veitir engum manni leyfi til að haga sér nákvæmlega eins og honum sýnist. Hann getur aðeins hegðað sér eins og hann vill svo framarlega sem hann gengur ekki á rétt annarra einstaklinga. Því má með sanni segja að „góð borgaravitund“ krefjist þess að sérhver borgari virði mannréttindi annarra.
2. Annað sem tengist mannréttindum snýr að því hvernig hugtakið borgaravitund er í eðli sínu tengt þátttöku í samfélaginu. Við tölum til dæmis ekki um borgara á eyðieyjum; að vera borgari einskorðast ekki við það að búa í tilteknu landi eða svæði. Borgari er fyrst og fremst meðlimur samfélagsins á svæðinu, þannig að ef við viljum búa í samfélagi sem virðir mannréttindi setur það einstaklingum þess ákveðnar takmarkanir um það hvernig þeir mega hegða sér.

Því má einnig segja að „góð borgaravitund“ krefjist þess að menn hegði sér þannig að mannréttindi verði meira virt í samfélaginu en ella.



Hvað ber borgara að gera þegar samfélagið virðir ekki réttindi tiltekinna samfélagshópa?

Vandamál varðandi borgaravitund

Nú á dögum snúast umræður um borgaravitund fyrst og fremst um þann vanda að efla þurfi hlutdeild og þátttöku borgaranna í lýðræðisþjóðfélagi. Ljóst er orðið að reglubundnar kosningar nægja ekki, hvorki til að gera þá sem eru við stjórnvölinn á kjörtímabilinu fullkomlega ábyrga né til að venjulegum borgurum finnist þeir ráða einhverju. Enn fremur bendir dræm kosningabátttaka til sinnuleysis almennings um stjórnsmál og það grefur mjög undan virkni lýðræðisins. Það er vegna vandamála af slíkum toga sem áætluðum á borð við verkefni Evrópuráðsins um borgaravitund og lýðræði í skólaskrifum hefur verið hrint af stokkunum.



Hvað getur hinn almenni borgari gert til að vera þátttakandi í lýðræðinu annað en að greiða atkvæði sitt í kosningum?

Annað málefni sem kann að hafa notið lítillar athygli fram til þessa, en verður stöðugt mikilvægara, varðar þá einstaklinga sem af einhverjum ástæðum njóta ekki borgararéttinda sinna til fulls. Þennan vanda má að hluta til rekja til þeirrar mismununar sem stöðugt á sér stað í samfélögum víða um heim: minnihlutahópar kunna í mörgum tilvikum að vera með formleg borgararéttindi í landinu þar sem þeir búa en er þó meinað að taka fullan þátt í samfélaginu.

Einnig má rekja þennan vanda til aukinnar hnattvæðingar, þar með teljast ný störf og búferlaflutningar sem leiða til þess að fjöldi fólks um allan heim býr erlendis en getur ekki sótt um ríkisborgarétt í viðkomandi landi. Meðal þess eru innflytjendur, flóttamenn, þeir sem flytja tímabundið milli landa eða jafnvel fólk sem hefur ákveðið að setjast að í öðru landi.

? Hvaða viðmiðanir eiga að gilda um ríkisborgararétt í heimi sem verður stöðugt fjölmenningarlegri? Ættu innflytjendur að njóta einhverra borgaralegra réttinda, enda þótt þeir séu ekki með formlegan ríkisborgararétt?

Borgarvitund og lýðræði í skólastarfi: Evrópuráðið og málefni æskunnar

Verkefni Evrópuráðsins sem bar þetta heiti var tilraun til að efla borgarvitund og lýðræði í skólastarfi innan Evrópu. Ráðið fer fram á að aðildarríkin hafi slík verkefni á stefnuskrá sinni á sviði mennta-, menningar- og æskulýðsmála, og það hefur sjálft unnið ötullega að því að benda á nýjar aðferðir og úrræði og koma þeim á framfæri.

Í drögum að yfirlýsingu um áætlun um borgarvitund og lýðræði í skólastarfi (apríl 1999) voru eftirfarandi grundvallaratriði tilgreind:

Borgarvitund og lýðræði í skólastarfi:

- samanstandur af símenntun og samfélagslegri þátttöku í ýmiss konar samhengi;
- gerir bæði konur og karla hæf til að taka virkan þátt í opinberu lífi og móta sjálf líf sitt og samfélag;
- miðar að því að koma á mannréttindamenningu sem mun tryggja fulla virðingu og skilning á þessum réttindum og þeirri ábyrgð sem þau boða;
- undirbýr fólk undir það að lifa í fjölmenningarlegu samfélagi og takast á við skoðanamun af þekkingu, skynsemi, umburðarlyndi og siðferðisvitund;
- eflir félagslega samheldni, gagnkvæman skilning og samstöðu;
- skal ná til allra aldurs- og samfélagshópa.

Mikilvægur liður í verkefninu um borgarvitund og lýðræði í skólastarfi er að styðja ýmis tengslanet meðal ungs fólks, samvinnu, frumkvæði o.s.frv., og hvetja þannig ungt fólk til samfélagslegrar þátttöku. Mikilvægasti markhópurinn er ungt fólk.

„Ég er mjög hrifin af því hve margt ungt fólk styður baráttuna fyrir mannréttindum hér. Þekking þess og reynsla gefur mér sjálfstraust til að halda áfram mannréttindafræðslu okkar innan skólanna og þróa fleiri verkefni um borgarvitund sem nota má utan skólakerfisins.“⁶

Marina Kovinena, „Youth Human Rights Education Forum“, 2000.

Heimildir

Crick, B., Essays on citizenship, *Continuum*, 2000.

Education for Democratic Citizenship (Evrópuráðið), http://www.coe.int/T/E/Cultural_Co-operation/education/E.D.C./Journal_of_Citizenship_Studies.

Kennedy, K. (Ed), Citizenship education and the modern state, *Falmer Press*, 1997.

Oliver, D., Heater, D., The foundations of citizenship, *Harvester Wheatsheaf*, 1994.